



FUNDARGERÐ

254. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 21. mars 2019 kl. 16:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Bókun bæjarstjórnar vegna aðalfundar HEF 2019
2. Ísland ljóstengt
3. Undirbúningur aðalfundar
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður stýrði fundi.

1. Bókun bæjarstjórnar vegna aðalfundar HEF 2019

Á fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, miðvikudaginn 20. mars 2019, var eftirfarandi bókun gerð m.a.:

Bæjarstjórn samþykkir að beina því til aðalfundar Hitaveitu Egilsstaða og Fella að HEF hefji rekstur gagnaveitu. HEF muni þannig annast framkvæmd ljósleiðaravæðingar í dreifbýli sveitarfélagsins samkvæmt því er fram kemur í tilboði Fjarskiptasjóðs til sveitarfélagsins og samþykkt var af hálfu sveitarfélagsins 7. mars sl. Sveitarfélagið mun leggja verkefninu til þá fjármuni er munu koma frá Fjarskiptasjóði, sem og þá sem tilgreindir eru undir framlagi íbúa og sveitarfélags, auk byggðastyrks. HEF mun sjá um fjármögnun þess hlutar er fellur undir framlag annarra sem og það sem út af stendur er önnur framangreind framlög hafa verið innt af hendi. Skal fjármögnun af hálfu HEF eiga sér stað ýmist með eigin fé eða lántökum, byggt á mati stjórnar HEF hverju sinni. Fulltrúar sveitarfélagsins á aðalfundi HEF fái umboð til að leggja fyrir aðalfund tillögu þessa efnis sem og að veita henni stuðning.

Samþykkt með handauppréttingu með 8 atkv. en 1 sat hjá (BB).

Björg gerði grein fyrir atkvæði sínu.

Að tillögu bæjarráðs samþykkir bæjarstjórn að aðalmenn í bæjarstjórn fari með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum í því hlutfalli sem fjöldi þeirra á fundinum segir til um. Heimilt er varabæjarfulltrúa að mæta, ef aðalmaður forfallast og fara með atkvæði hans.

Bæjarstjórn gerir þá tillögu til aðalfundar HEF að skipan fulltrúa í stjórn fyrirtækisins verði óbreytt.

Samþykkt með 8 atkvæðum, en 1 greiddi atkvæði á móti (HKH).

2. Ísland ljóstengt 2019

Fram var lögð gróf kostnaðar- og tekjuáætlun 2019-2022 varðandi gagnaveitu.

Einnig voru lögð fram til kynningar drög að Samstarfssamningi milli Fljótsdalshéraðs og HEF vegna verkefnisins Ísland ljóstengt.

3. Undirbúningur aðalfundar

Farið yfir dagskrána og þær tillögur sem fram verða bornar.

4. Önnur mál.

Björg Björnsdóttir ítrekar bókun frá 252. fundi HEF þar sem hún óskar eftir að fá gögn sem sýna fram á að skólp fari um yfirfall og framhjá núverandi hreinsistöðvum út í Eyvindará 65% tímans.

Einnig óskar hún eftir að lögð verði fram uppfærð rekstraráætlun fyrir nýja útfærslu á hreinsun frárennslis þar sem tekið er tillit til Fellabæjarskólpsins og mun meiri hreinsunar en fyrri rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 16:44.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.